

Ed.

563. Frumvarp til laga

[21. mál]

um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 417 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að ekki megi reka fé til afréttar á vori, fyrr en sveitarstjórn leyfir.

Eftir að sveitarstjórn hefur ákveðið, að vorsmölun skuli lokið, og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afrétt né gera afréttarbúpeningi ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

15. gr. hljóðar svo:

Nú eru tveir hreppar eða fleiri í fjallskiladeild (upprekstrarfélagi) og þykir hreppsnefnd í einum þeirra nauðsyn til bera að ganga úr fjallskiladeildinni og stofna nýja, og boðar þá hreppsnefnd til fundar með búendum í hreppnum, sem upprekstur eiga, og lætur atkvæði ganga um málið. Verði $\frac{3}{4}$ þeirra, er atkvæðisrétt eiga, því fylgjandi að ganga úr fjallskiladeildinni, tilkynnir hreppsnefnd það sýslunefnd, og getur hún þá breytt fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveðið hreppnum nýja skilarétt, ef þörf krefur. Sýslunefnd kýs þrjá óvilhalla menn í skiptanefnd, til að stýra skiptum á sameiginlegum eignum fjallskiladeildarinnar. Náist ekki samkomulag aðila um þau skipti, að því er varðar lausafé og mannvirki, sker skiptanefnd úr.

Um skiptingu afréttalanda fer sem hér segir:

- a. Þar sem hver hreppur í fjallskiladeild þeirri, sem skipta á, hefur frá fornu fari annazt um fjallskil á ákveðnum afréttahluta og haft rétt til upprekstrar í hann, skal ákveða landamerki, þar sem leitamót hafa verið frá fornu fari, og færi sýslunefnd þau í afréttaskrá.
- b. Þar sem afréttur hefur verið leitaður sameiginlega, skal Landgræðsla Íslands fengin til að meta afréttinn gróðurmati og gera tillögur um skiptingu eftir reglum III. kafla þessara laga. Náist eigi samkomulag aðila um landamerki, sker skiptanefnd úr. Kostnað af störfum skiptanefndar og landgræðslunnar ber sá aðili, er skipta beiddist. Nú þykist annar hvor aðili vanhaldinn af úrskurði

skiptanefndar í einhverju efni, og má þá skjóta honum til landbúnaðarráðherra, sem tilnefnir þrjá menn í yfirskiptanefnd, og úrskurðar hún um ágreiningsatriði. Kostnað af störfum hennar bera aðilar að jöfnu.

17. gr. hljóðar svo:

Hreppsnefnd getur krafizt ítölu á jörðum í hreppnum, nokkrum hluta hans eða í afréttarlöndum hreppsins, enda mæli gróðurverndarnefnd sýslunnar með, að ítala verði gerð. Skal þá boða búendur hreppsins eða hreppshlutans til fundar um málið. Sá telst búandi, er jörð hefur eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hver mál verði til umræðu. Fundur telst lög-mætur, ef fleiri sækja en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hreppshlutans. Hver maður hefur eitt atkvæði og eigi fleiri, þótt hann nytji eða húi á tveimur eða fleiri jörðum. Skrá skal í fundargerð, hve margir séu búendur á viðkomandi svæði svo og hversu margir hafi greitt atkvæði um fundarefnið. Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k. $\frac{1}{4}$ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um ítölu, og skal hún þá boða til fundar, sem að framan segir.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögsmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt, skal málið sent viðkomandi gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að tveim árum liðnum.

32. gr. hljóðar svo:

Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í sveltí. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bætur.

66. gr. hljóðar svo:

Eigendaskipti að marki skulu tilkynnt markaverði, er birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir, ef maður flyzt milli fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, skal hann þegar senda tilkynningu um það til sveitarstjórna í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan.